

Áskorun frá aðalfundi Sameykis árið 2024 til stjórnar og Trúnaðarmannaráðs

Í lögum Sameykis er kveðið á um að 14 manna stjórn skuli kjörin á kosningaári, eða eins og segir í lögnum; „Stjórn félagsins skipa fimmtán einstaklingar, formaður og fjórtán meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgilds félagsfólks til þriggja ára í senn“. Þessi regla getur mögulega leitt til þess að allt stjórnarfolk gæti sagt sig frá stjórnarstörfum í einu lagi. Önnur staða sem gæti komið upp er að allt stjórnarfolk geti í einu lagi verið kosið út úr stjórninni.

Sameyki stéttarfélag er eitt af þremur stærstu stéttarfélögum á Íslandi. Félagið hefur því ríkar skyldur að halda uppi faglegu starfi á traustum grunni, þar sem félagsfólk getur gengið að því vísu að hagsmundir þess séu ávallt varðir og kjör og réttindi tryggð. Um leið verður félagið að opna á eðlilega endurnýjun í stjórn félagsins þannig að félagið þróist í takt við breytingar í samfélaginu. Þannig eiga nýjar áherslur og ný viðhorf í samfélaginu, að vera eðlilegur þáttur í þróun félagsins.

Í ljósi þessa beinir aðalfundur Sameykis 2024 því til stjórnar og Trúnaðarmannaráðs félagsins, að kanna möguleika á og útfæra tillögur að útskiptireglu við stjórnarkjör. Markmiðið er að tryggja megi eftir bestu leiðum að þekking og reynsla haldist í stjórnun félagsins, en á sama tíma verði eðlileg endurnýjun stjórnarfólks milli kosningaára.

Aðalfundur felur formanni félagsins að leiða þetta verkefni og tryggja að umfjöllun eigi sér stað innan stjórnar og Trúnaðarmannaráðs á starfsárinu og tillaga að breyttu fyrirkomulagi verði lögð fyrir Trúnaðarmannaráð á fyrsta fundi ráðsins á árinu 2026.